

### 3. 2205025 - Frístundaakstur

Úr fundargerð 220. fundar sveitarstjórnar 02.06.2022, dagskrárliður 9:  
2205025 - Frístundaakstur

Ingibjörg Þórunna Steinudóttir leggur til að vinna við að skipuleggja frístundaakstur á milli Búðardals og Lauga fyrir næsta vetur verði sett af stað strax á fyrsta fundi Fræðslunefndar og Byggðarráðs svo aksturinn verði kominn á þegar æfingar hefjast aftur í haust. Skipuleggja þarf þetta vel í samráði við skóla og íþróttafélagið Undra. Til máls tók: Skúli.

Lagt til að tillögunni sé vísað til byggðarráðs, fræðslunefndar, ungmennaráðs og samráð haft við íþrótt- og tómstundafulltrúa við vinnuna.

Samþykkt samhljóða.

Lagður fram rammi fyrir frístundaakstur og tímasetningar á tómstundastarfi.

Ákveðið að senda spurningakönnun til foreldra um væntanlega nýtingu frístundaaksturs.

Skólastjóri fer yfir tillöguna m.t.t. til stundatöflu og annars skipulags í skólanum.

Formanni nefndarinnar falið að vinna áfram að málinu.

Jón Egill Jónsson tómstundafulltrúi sat fundinn undir dagskrárlið 3.

Sindri Geir Sindrason mætir til fundar kl. 16:24.

Ég má til með að leggja orð í belg varðandi frístundaakstur barna í Dalabyggð.

Frístundaakstur er umræða sem vert er að taka og þakka ég fyrir að sú umræða sé komin af stað.

Á komandi vetri erum við hjónin með börn á öllum stigum grunnskólans. Tímstundir eru félagslega þroskandi og ættu að vera sjálfsögð afþreying og örvun fyrir öll börn. Vegalengdin frá heimili okkar í skólann er 42 km en okkar börn eru um það bil klukkustund í bílnum á leið sinni í skólann á morgnana og jafn langt er til baka aftur í lok skóla. Það að börnin mín stundi tímstundir sem ekki eru allar í boði á sama tíma gengur illa upp. Áhugi og skoðanir barna minna er fjölbreyttur en þau hafa áhuga á að vera í fótbolta, glímu, skátum og hestamennsku ásamt tónlist sem er í boði á skólatíma. Börnin mín eru aðeins lítil hluti af börnum Dalabyggðar en öll börn skulu vera jöfn óháð búsetu eða skoðunum/áhuga á tímstundum.

Það að bjóða upp á akstur inn að Laugum tel ég vera tvöfalda mismunun í samfélagi, það er mismunum á akstri barna í þéttbýli og dreifbýli og mismunun á stuðning við áhugasvið/skoðanir barna í tímstundum.

Ég vil benda á annan möguleika sem ég tel ávinning fyrir alla án mismununar og minni kostnaðar fyrir sveitarfélagið í akstri. Það er að skipuleggja samfellu á milli skóla og tímstunda á þann hátt að tímstundafulltrúa væri falið að skipuleggja fjölbreyttar tímstundir í beinu framhaldi af skóla í Búðardal þá daga sem eru með styttri stundaskrá og heim akstri væri seinkað sem því nemur. Með samfellu sem þessari væri einnig kjörið að nota tækifærið og eyða sjoppumeningunni sem virðist fylgja félagsstarfi miðstigs og elsta stigs og bjóða upp á hressingu eða nesti áður en félagsstafið hæfist.

Öll þau félög sem bjóða upp á tímstundir fyrir börn ættu að sjá hag sinn í að komast að inn í skipulag sem gerir það að verkum að fleiri hafi möguleika á að vera með en ella.

Upp getur komið sú staða að einhver vill ekki vera með og þá þarf að mæta því með endurskoðun á hvort tómskundirnar séu nógu fjölbreyttar, hvort hægt sé að mæta viðkomandi á einhvern hátt eða hvort þurfi að keyra þann einstakling fyrir heim.

Stuðningur Dalabyggðar við tómskundastarf í sveitarfélaginu verður að gæta jafnræðis og vera fyrir öll börn óháð hvaða tómskundir þau stunda eða hvar þau búa. Þá þurfa sveitarfélagið og UDN að varast að mismuna félögum og stafssemi þeirra.

Máli mínu til stuðnings er eftirfarandi:

#### **Úr erindisbréfi fræðslunefndar Dalabyggðar.**

Hlutverk og verkefni.

° Stuðla að tengslum milli tómskundastarfs og grunnskóla yfir vetrarmánuðina.

° Að fjalla um málefni félagsmiðstöðvar unglinga, leikaðstöðu barna og íþróttaaðstöðu almennings í sveitarfélaginu.

#### **Úr stefnu Dalabyggðar í íþrótt- og tómskundastarfi er:**

2. Að gætt sé jafnræðis þannig að allir hafi tækifæri til að nýta sér þau íþrótt- og tómskundatilboð sem völ er á óháð búsetu, aldri, kyni, fötlun, fjárhag eða annarrar sérstöðu.

#### **Með því að,**

- Stuðla að samfelldum vinnudegi grunnskólabarna og auðvelda þeim að stunda íþrótt og tómskundastarf í beinu framhaldi af skóla þannig að samverustundir fjölskyldna aukist.
- Stuðla að því að kostnaður við íþrótt- og tómskundastarf hamli ekki þátttöku.
- Bjóða upp á gæslu og athvarf fyrir börn sem bíða eftir tómskundastarfi að skóla loknum.
- Bjóða þeim sem eru fatlaðir upp á liðveislu þannig að þeir geti nýtt sér íþrótt- og tómskundatilboð í sveitarfélaginu.
- Styðja við íþrótt- og tómskundaiðkun aldraðra, kynna þeim sérstaklega hvað í boði er og gæta þess að þeir einangrist ekki

#### **Úr stjórnslöðum 1993 nr. 37 er eftirfarandi:**

III. gr. Jafnræðisreglan.

° Við úrlausn mála skulu stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í laglegu tilliti.

° Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða, byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, þjóðfélagsaðstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.

#### **Úr sáttmála sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins:**

° 2. gr.

1. Aðildarríki skulu virða og tryggja hverju barni innan leiðsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða annara skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðháttar eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annara aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns.
2. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sjá um að barni sé ekki mismunað eða refsað vegna stöðu eða athafna foreldra þess, lögráðamanna eða fjölskyldumeðlima, eða sjónarmiða sem þeir láta í ljós eða skoðana þeirra.

**36) Vernd gegn misbeitingu**

Stjórnvöldum ber að vernda börn gegn hvers kyns annari misbeitingu.

Kveðja

Ragnheiður Pálsdóttir Kverngrjóti